

## Umhverfis- og heilbrigðisráð

Reykjavík 8. mars 2022  
MSS22010215  
Mál nr. US220034

### ***Tillaga borgarráðsfulltrúa Flokks fólksins, um opnun almenningsgarðs í úthverfi Reykjavíkur – umsögn.***

Vísað er í tillögu fulltrúa flokks fólksins sem vísað var til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða á fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs dags. 16. febrúar 2022.

Í tillögunni er lagt til að opna í úthverfi Reykjavíkur grænt svæði, almenningsgarð með afþreyingu, svo sem kaffihúsi og þar sem frætt verður um umhverfisgildi ræktunar og að minnka sóun. Núverandi meirihluta er tíðrætt um „græna borg“ sem er af hinu góða. Ekki veitir af. Fulltrúi flokks fólksins vill efla og styrkja Reykjavík sem græna borg og þá ekki bara með grænum þökum á þéttingarsvæðum. Lagt er til að í almenningsgarðinum verði tré og runnar merkt og þar skrifaðar upplýsingar um gildi plantnanna; hvaða áhrif þær hafa á umhverfið. Í kaffistofu (græn kaffistofa) yrðu upplýsingaspjöld og leiðbeiningar sem unnar yrðu af fagfólki m.a. um gildi náttúrunnar í umhverfismálum og hvernig minnka mætti sóun. Taka mætti hér undir svæði í Elliðaárdal, jafnvel við Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti og þar sem væri líklega hægt að fá leiðsögn um slík svæði, allt út frá umhverfissjónarmiðum, skógi og fallegu umhverfi. Hafa mætti samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur, eða jafnvel íþróttafélög auk samráðs við íbúana á hverjum stað. Þetta framtak myndi opna skemmtilegt útivistarsvæði í nærumhverfi ytri byggðar og minnka þannig þörf á því að sækja afþreyingu annað með tilheyrandi kolefnisspori.

#### Umsögn.

Eins og fram kemur raunar í tillögunni þá er mikið af grænum svæðum í og við úthverfin. Í tillögunni er verið að lýsa eftir afþreyingu og fræðslu og tengja það kaffihúsi.

Varðandi upplýsingar um plöntur og nýtingu þeirra má benda á að Grasagarðurinn í Laugardal sinnir slíku af miklum metnaði.

Umhverfisfræðsla er mikið gegnum skólana og má þar nefna verkefnið um grenndarskóga sem rekið er af Frístundamiðstöðinni í Gufunesi. Sett hafa verið upp fræðsluskilti um náttúruna víða í borgarlandinu og einnig hefur verið boðið upp á t.d. fuglagöngur sem hafa verið á ýmsum stöðum í borgarlandinu.

Stefnt er að meiri uppbyggingu fyrir útivist í Öskjuhlíð með gerð nýrrar gönguleiðar með fræðslu og upplifun sem á að vera aðgengileg öllum.

Í Elliðaárdalnum er margvísleg aðstaða og benda má á safn og ýmsa afþreyingu á vegum OR sem nýlega var opnuð við gömlu Rafstöðina.

Nefna má Gufunessvæðið þar sem er margvísleg afþreying og stuðningur við svæðið hjá starfsmönnum frístundamiðstöðvarinnar.

Uppbygging hefur verið og er fyrirhuguð á Austurheiðum, með stígum, áningarstöðum og leiktækjum auk fræðsluskilta.



Undirbúningur er hafinn að svo kölluðum Vetrargarði í Breiðholti þar sem gert er ráð fyrir margvíslegri vetrartengdri afþreyingu en einnig möguleikum á að nýta svæðið allt árið. Heiðmörk er stórt útivistarsvæði sem rekið er af Skógræktarfélagi Reykjavíkur í samstarfi við Reykjavíkurborg og Orkuveituna. Þar er margvísleg aðstaða í boði. Samstarf hefur verið við Skógræktarfélag Reykjavíkur í Úlfarsfelli þar sem m.a. hefur verið skipulagðir gróðursetningardagar.

Hér er ekki allt upp talið en þessi svæði sem hér hafa verið nefnd innihalda nú þegar margvíslega útivistar- og afþreyingarmöguleika og á mörgum þessara svæða eru kaffihús þó vissulega mætti hugsa sér slíka þjónustu víðar.

Svæðin eru líka upplögð fyrir margvíslegar uppákomur og skipulagða viðburði.

Eins og fram kemur hefur verið unnið að margvíslegum verkefnum á stóru útivistarsvæðunum inn í borginni og á útivistarsvæðum í jaðri byggðarinnar. Alltaf má gera betur og eru góðar hugmyndir vel þegnar.

Líta má á þessa tillögu frá Flokki fólksins sem brýningu um halda áfram uppbyggingu á þessum svæðum ekki síst með áherslu á umhverfistengda fræðslu og afþreyingu.

Fyrir hönd skrifstofu umhverfisgæða

Þórólfur Jónsson  
deildarstjóri náttúru og garða